

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 20. janúar 1981****um sjöundu breytingu tilskipunar frá 23. október 1962 um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli****(81/20/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í b-hluta II. viðauka við tilskipun frá 23. október 1962 um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli ⁽⁴⁾ með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 78/144/EBE ⁽⁵⁾, eru tilgreind efni þau sem nota skal við þynningu og upplausn litarefna.

Notkun karótínlitarefnanna E 160 og E 161 er auðvelduð með því að þynna þau með karragenan (E 407) og arabísku gúmmí (E 414). Framkvæmdastjórnin hefur til endurskoðunar notkun á öllum efnum sem notuð eru til að þynna og leysa upp litarefni og þess vegna er eigi unnt að taka endanlega ákvörðun um hvort heimila skuli notkun þessara tveggja efna innan bandalagsins.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirtöldum efnum skal bætt við b-hluta II. viðauka við tilskipunina frá 23. október 1962 með þar greindum skilyrðum:

- karragenan (einungis fyrir litarefnin sem skráð eru undir númerunum E 160 og E 161 í I. viðauka),
- arabískt gúmmí (einungis fyrir litarefnin sem skráð eru undir númerunum E 160 og E 161 í I. viðauka).

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1981 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. janúar 1981.

Fyrir hönd ráðsins,

Ch. A. van der KLAAUW

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 201, 10. 8. 1979, bls. 13.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 147, 16. 6. 1980, bls. 124.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 113, 7. 5. 1980, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. 115, 11. 11. 1962, bls. 2645/62.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 44, 15. 2. 1978, bls. 20.